



Óvænt hækkun vísitölu neysluverðs í janúar, hæsta verðbólga síðan 2012

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,50% milli mánaða í janúar og mælist verðbólgan 5,7% samanborið við 5,1% í desember. Óhætt er að segja að þetta hafi komið verulega á óvart, en við spáðum 0,2% lækkun milli mánaða. Verðbólgan hefur ekki mælst hærrí síðan í apríl 2012. Þetta var jafnframt mesta hækkun á verðlagi í janúar síðan í janúar 2009 en frá og með árinu 2014 hefur ekki mælst hækkun á verðlagi í janúar.

Mest áhrif til hækkunar höfðu reiknuð húsaleiga (+1,5% milli mánaða, 0,25% áhrif á vísitöluna), matarkarfan (+1,3% milli mánaða, +0,18% áhrif á vísitöluna), rafmagn og hiti (+3,7% milli mánaða, 0,11% áhrif á vísitöluna) og nýir bílar (+2,2% milli mánaða, 0,11% áhrif).



Mælingin kom verulega á óvart og var mikið meira en við væntum, en við höfðum spáð 0,2% lækkun milli mánaða. Munar mest um að reiknuð húsaleiga, kaup ökutækja, húsnæði án reiknaðrar húsaleigu (rafmagn og hiti er inn í þessum lið) og matarkarfan hækkuðu meira en við áttum von á.

Janúarútsölnurnar á húsgögnum og heimilisbúnaði höfðu einnig ekki jafn mikil áhrif til lækkunar verðlags og við áttum von á.

Vísitala neysluverðs án húsnæðis¹ hækkaði um 0,16% milli mánaða og mælist 3,7% verðbólga á þann mælikvarða í samanburði við 3,3% í desember.

Framlag þjónustu til ársverðbólgu hækkaði

Ársverðbólgan hækkaði um 0,6 prósentustig milli mánaða. Munar þar mest að framlag þjónustu jókst um 0,3 prósentustig meðan að framlag húsnæðis jókst um 0,2 prósentustig og framlag innfluttra vara jókst um 0,1 prósentustig. Framlag bensíns lækkaði um 0,1 prósentustig en framlag annarra innfluttra var óbreytt.



¹ Það er vísitala neysluverðs án reiknaðrar húsaleigu, leiguverðs, viðhalds og viðgerða á húsnæði og kalds vatns, sorphirðu og holræsa.



Allar fjórar kjarnavísitölurnar hækkuðu

Til þess að meta undirliggjandi verðbólgu reiknar Hagstofan svokallaðar kjarnavísitölur, þ.e. verðbólga án ýmissa sveiflukenndra liða. Ársverðbólga í öllum fjórum kjarnavísitölum sem Hagstofan reiknar hækkaði milli mánaða í janúar. Það sem veldur mestum áhyggjum er að kjarnavísitala 4, þ.e. þegar búið er að taka út sveiflukenndustu liðina auk opinbera þjónustu og kostnað við að búa í eigin húsnæði hefur hækkað á tveimur mánuðum úr því að vera við verðbólguþröskulmikið upp í 3,2%. Þetta er merki um að undirliggjandi verðbólga er að aukast.

Markaðsverð húsnæðis hækkaði

Kostnaður við að búa í eigin húsnæði (reiknuð húsaleiga) hækkaði um rétt undir 1,5% milli mánaða. Þar af hækkaði markaðsverð húsnæðis eins og Hagstofan reiknar það um rúmlega 1,5% milli mánaða. Framlag vaxtabreytinga var til lækkunar, en framlag þess var innan við 0,1 prósentustig.

Það var í sjálfu sér viðbúið að reiknuð húsaleiga myndi hækka meira en við spáðum, en [vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hækkaði um 1,8% milli mánaða í desember](#). Þær tölur eru hins vegar gerðar opinberar eftir að við birtum spá okkar.

Undanfarna tólf mánuði hefur reiknuð húsaleiga hækkað um 14,6%, en þar af er hækkan markaðsverðs húsnæðis 16,7% og framlag vaxtabreytinga er 2,1 prósentustig til lækkunar.


Undirliðum þar sem árshækkunin er meira en 2,5% fjölgaði

Af öðrum undirliðum þá hækkaði verð á nýjum bílum um 2,2% milli mánaða. Venju samkvæmt komu til gjaldskrárhækkanir í janúar, þannig hækkaði sorphreinsun um 12,3%, holræsagjald um 4,5%, rafmagn og hiti um 3,7%, leikskólar um 3,7% og grunnskólar um 3,5%.


Áhrif janúarútsala á föt og skó voru svipaðar og við áttum von á, en föt og skór lækkuðu um 8,0% milli mánaða. Húsgögn og heimilisbúnaður lækkaði um 2,7% sem var nokkuð minna en búist var við.

Mesta niðurbrot sem Hagstofan birtir eru 173 undirliðir. Síðustu 12 mánuði hafa 79% þessara undirliða hækkað, þar af 57% hækkað meira en


Kjarnavísitölur



Reiknuð húsaleiga



Kaup ökutækja





2,5%. Hlutfall undirliða þar sem árshækkunin er meiri en 2,5% var 45% í desember og hefur því hækkað um 12 prósentustig milli mánaða. Þetta er vísbending um að verðbólgan sé að verða almennari og að undirliggjandi verðbólguþrýstingur sé að aukast.

Styttist í næstu vaxtaákvörðun


Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands mun hittast 7. og 8. febrúar og verður stýrivaxtaákvörðun nefndarinnar birt miðvikudaginn 9. febrúar. Þetta er því síðasta verðbólguþrýstingur sem nefndin mun hafa til hliðsjónar.

Munur á ávöxtunarkröfunni á verðtryggðum og óverðtryggðum skuldabréfum gefnum út af ríkinu hefur hækkað nokkuð síðustu mánuði. Líklegt er að peningastefnunefnd líti á þetta sem vísbendingu um að kjölfesta verðbólguþrýstingur sé að losna.

Viðbrögð á skuldabréfamarkaði, það sem af er degi, er á þá leið að krafan á óverðtryggðum ríkisskuldabréfum hefur hækkað verulega, sérstaklega á styttri endanum. Krafan á verðtryggðum ríkisskuldabréfum hefur hreyfst mun minna.


Það er nær öruggt Peningastefnunefndin hækki vexti á næsta fundi nefndarinnar. Verðbólguþrýstingurinn í morgun auka verulega líkurnar á að tekið verði stærra skerf en ella.

Breyting undirliða VNV á 12 mánaða tímabil



Heimild: Hagstofa Íslands

Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði



Heimild: Macrobond

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedeild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.